

M-49/2018. Álit 5. apríl 2019.

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 5. apríl 2019 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-49/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 5. júlí 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á notaðri bifreið af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir bifreiðina gallaða og krefst riftunar en til vara skaðabóta vegna viðgerðarkostnaðar.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 30. júlí 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Álitsbeiðni var aftur send gagnaðila ásamt viðbótargögnum sem borist höfðu þann 12. febrúar 2019 en andsvör bárust ekki frá seljanda. Með bréfi, dags. 1. apríl 2019, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi keypti bifreiðina XX-000 þann 23. mars 2018 af seljanda en kaupverðið var 6.000.000 krónur. Bifreiðin er af gerðinni Ford F350 árgerð 2013, og hafði verið ekin 83.000 km. á kaupdegi samkvæmt seljanda en 63.000 km. samkvæmt mæli. Z, hafði milligöngu um kaupin.

Þegar álitsbeiðandi hafði ekið bifreiðinni um það bil 60 km á leið heim til sín á Dalvík frá Reykjavík, sama dag og kaupin fóru fram, bilaði bifreiðin áður en álitsbeiðandi komst að Borgarnesi. Gisti álitsbeiðandi í Borgarnesi um nóttina en hafði morguninn eftir samband við bifreiðasöluna sem hafði milligöngu um kaupin og krafðist riftunar á kaupunum vegna galla. Ekki var fallist á þá kröfu.

Seljandi lét í kjölfarið flytja bifreiðina á verkstæði í Mosfellsbæ til viðgerðar en þar kom í ljós að sögn álitsbeiðanda að bifreiðin hafi verið þar til viðgerðar um ári áður vegna sömu bilunar, sem var í spíssum. Álitsbeiðandi kveðst hafa spurt seljanda sérstaklega um bilun í spíssum áður en kaupin fóru fram en bifreiðasalinn hafi neitað því að nokkuð hafi amað að spíssum. Eftir viðgerð á bifreiðinni var gerð tilraun til að koma bifreið álitsbeiðanda heim til hans, norður á Dalvík, en þá bilaði bifreiðin í Hvalfjarðargöngunum. Farið var með bifreiðina aftur á sama verkstæði og sambærileg bilun kom aftur í ljós. Af gögnum málsins má ráða að þegar bifreiðin bilaði öðru sinni hafi seljandi aftur látið sækja hana og fara með á verkstæði. Segir í tövupósti frá seljanda, sem finna má í gögnum málsins, að seljandi hafi fallist á að greiða kostnað þann sem álitsbeiðandi hafi orðið fyrir vegna viðgerðarinnar. Seljandi kveðst þar einnig telja að um fullnaðarviðgerð hafi verið að ræða. Kveðst álitsbeiðandi ítrekað hafa krafist riftunar á kaupunum á meðan bifreiðin var stödd á verkstæðinu í Mosfellsbæ en seljandi hafnaði því.

Álitsbeiðandi sendi bifvélavirkja til Reykjavíkur í kjölfarið til að láta athuga hvað væri til ráða og kanna hvað væri að. Sá bifvélavirki keyrði bifreiðina norður og gekk sú ferð áfallalaust. Hins vegar er að sögn álitsbeiðanda ekki búíð að gera við bifreiðina með varahlutum frá framleiðanda heldur aðeins til bráðabirgða. Álitsbeiðandi krefst riftunar og

endurgreiðslu á útlögðum kostnaði en skaðabóta til vara. Sundurliðun álitseiddanda á útlögðum kostnaði er eftirfarandi:

Viðgerð á Þ, verkstæði 18. apríl 2018, 40.000 krónur.
Bifvélavirki sendur suður til að ná í bifreiðina og koma henni norður, 125.000 krónur.
Varahlutir fyrir endanlega viðgerð, 30.000 krónur.
Endanleg viðgerð sem tekur 16 klukkustunda vinnu, 200.000 krónur.
Ráðgjöf og leit að varahlutum hjá bifvélavirkja í fjórar klukkustundir, 50.000 krónur.
Tilraun til að koma bifreiðinni norður 15. apríl 2018, 50.000 krónur.
Tilraun til að koma bifreiðinni norður á kaupdegi, 50.000 krónur.
Gisting á hóteli í Borgarnesi, 11.000 krónur.
Ferð til Dalvíkur frá Borgarnesi 24. mars 2018, 40.000 krónur.
Ferð suður og norður 23. – 24. mars 2018, 140.000 krónur.
Afnótamissir af bifreiðinni frá 23. mars til 19. apríl 2018, 100.000 krónur.

Samtals krefst álitseiddandi skaðabóta að fjárhæð 866.000 krónur fyrir kæruneftndinni. Álitseiddandi gerði seljanda áður tilboð um að hann greiði helming af áætluðum viðgerðarkostnaði sem er talinn 626.000 krónur og sú krafa var því að fjárhæð 313.000 krónur.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan er rakið keypti álitseiddanda bifreiðina XX-000 þann 23. mars 2018 af seljanda fyrir 6.000.000 krónur. Bifreiðin er árgerð 2013 og var því um fimm ára og hafði samkvæmt kaupsamningi verið ekin 63.000 km. samkvæmt mæli á kaupdegi en 83.000 km. samkvæmt seljanda.

Í kaupsamningi og afsali fyrir bifreiðinni, dags. 23. mars 2018, segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. [...] Kaupandi er hvattur til að kynna sér verð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings!“

Kæruneftndin álitur að um kaupin gildi 16. og 17. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) en í 1. mgr. 17. gr. kemur fram að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar:

„a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í b- og c- lið 16. gr. segir síðan að söluhlutur sé gallaður ef:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin;

c. hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að

réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin;“

Í 3. mgr. 16. gr. nkpl. kemur síðan fram að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð.

Í framangreindum ákvæðum er annarsvegar kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og aðgæsluskyldu kaupanda, auk þess sem í a-lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur ekki unnt að slá því föstu að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um bifreiðina sem hann hafi þekkt til eða hlaut að þekkja til, sbr. b-liður 16. gr. nkpl. og verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Í því sambandi ber að líta til þess að viðgerð hafði þegar farið fram á spíssum bifreiðarinnar og er ekki að finna sönnun í málinu þess efnis að seljandi hafi mátt ætla að sú bilun væri enn til staðar. Telur nefndin sig jafnframt ekki hafa fullnægjandi forsendur til að líta svo á að bifreiðin svari ekki til upplýsinga sem seljandi hafi gefið um hana samkvæmt c-lið 16. gr. nkpl. Er ekkert í málinu sem staðreynir að seljandi hafi gefið rangar upplýsingar um atriði er viðkoma spíssum bifreiðarinnar eða viðgerðar á þeim. Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Um fimm ára gamla bifreið er að ræða sem ekin hafði verið 63.000 km. samkvæmt mæli en 83.000 km. samkvæmt seljanda á kaupdegi. Söluverð bifreiðarinnar var 6.000.000 krónur. Gera má ráð fyrir að bifreiðar sem hafa náð þeim aldri og verið keyrðar slíkar vegalengdir muni þarfnast viðhalds eða viðgerða. Hins vegar þarfnaðist umrædd bifreið kostnaðarsamra viðgerða vegna bilunar sem kom í ljós sama dag og álitsbeiðandi festi kaup á henni. Samkvæmt 2. mgr. 18. gr. nkpl. er galli, sem kemur upp innan sex mánaða frá því tímamarki er áhætta fluttist til neytanda, talinn hafa verið til staðar við áhættuskiptatímamark ef annað er ekki sannað. Samkvæmt ákvæðinu hvílir sönnunarbyrðin fyrir því að bifreiðin hafi ekki verið haldinn galla á seljanda fyrstu sex mánuði eftir kaupin en að þeim tíma liðnum færast sönnunarbyrðin yfir til neytanda.

Álítur kærunefndin að gögn málsins sýni án vafa fram á að galli hafi verið til staðar er álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni, enda bilaði bifreiðin sama dag og kaupin fóru fram. Ekki liggur fyrir hvort álitsbeiðandi hafi sent bifreiðina í ástandsskoðun fyrir kaupin eða hvernig álitsbeiðandi uppfyllti skoðunarskyldu sína að öðru leyti. Þó verður að telja að álitsbeiðanda sem almennum neytanda hafi ekki verið eða mátt vera ljóst að bifreiðin væri haldin bilun í spíssum á kaupdegi. Af framangreindu álítur nefndin að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin enda hafi ástand hennar verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-liður 1. mgr. 17. gr. nkpl.

Í 26. gr. nkpl. segir að ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti hann, samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. nkpl., krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt 28. gr. Álitsbeiðandi hefur krafist riftunar á kaupunum en skaðabóta til vara. Kærunefndin álítur að galli bifreiðarinnar sé ekki svo verulegur að réttlæti riftun á kaupunum, sbr. 32. gr. nkpl. Verður hins vegar fallist á að seljandi eigi rétt á skaðabótum samkvæmt 33. gr. laganna sem svari til þess tjóns sem álitsbeiðandi hefur sannanlega orðið fyrir vegna gallans.

Í málinu liggur ekki fyrir hvort sú viðgerð sem þegar hefur verið framkvæmd sé fullnægjandi til að gera við gallann. Álitsbeiðandi hefur óskað eftir því við seljanda að hann útvegaði vottorð um að viðgerðin á verkstæðinu í Mosfellsbæ hafi verið fullnægjandi, frá verkstæðinu sjálfu og umboðsaðila bifreiðarinnar. Í niðurstöðu nefndarinnar verður litið svo á

að viðgerð hafi ekki verið að fullu lokið af hálfu seljanda, í samræmi við það sem hér greinir í framhaldi.

Í gögnum málsins liggur ekki fyrir hvað var gert á verkstæðinu í Mosfellsbæ til að lagfæra gallann. Þá liggur ekki skýrt fyrir hvaða fjárhæð seljandi hefur þegar greitt vegna viðgerða á bifreiðinni eftir söluna. Álítur kærunefndin að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda sannanlega útlagðan kostnað sem hann hefur orðið fyrir vegna viðgerða á gallanum á bifreiðaverkstæði og kostnað vegna viðgerða sem síðar eiga eftir að fara fram, sbr. 33. gr. nkpl. Seljanda er hins vegar ekki skylt að reiða fram greiðslu í samræmi við framangreint nema að framlögðum sannanlegum reikningum frá álitsbeiðanda um kostnað viðgerðarinnar auk staðfestingar bifreiðaverkstæðis á því að fyrri viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi og því hafi verið þörf á frekari viðgerð vegna gallans.

Álitsbeiðandi krefst einnig bóta fyrir ófjárhagslegt tjón, meðal annars vegna aksturs og ferðalaga til og frá heimabæ sínum Dalvík, hótelligingu, ráðgjöf og vegna afnotamissis bifreiðarinnar.

Í 52. gr. nkpl. má finna heimild neytanda til að krefjast bóta vegna ófjárhagslegs tjóns, en í ummælum í frumvarpi til nkpl. við ákvæðið segir:

„Þrátt fyrir að það komi ekki fram beinum orðum í frumvarpinu á aðili rétt á skaðabótum vegna ófjárhagslegs tjóns sem leiðir af vanefnd, t.d. vegna óhagræðis, tapaðs tíma og eigin vinnuframlags. Byggjast slíkar bætur á sanngirnismati. Eftir stendur þó sem aðalregla að sé ekki unnt að staðreyna neitt fjárhagslegt tjón getur ekki orðið um bætur að ræða.“

Álitsbeiðandi hefur ekki lagt fram nein gögn í málinu sem styðja kröfu hans um bætur vegna ófjárhagslegs tjóns og enginn rökstuðningur liggur fyrir um nauðsyn þeirra aðgerða og kostnaðar sem álitsbeiðandi kveðst hafa ráðist í vegna gallans. Hefur álitsbeiðandi því ekki náð að sýna með nægilega skýrum hætti fram á ófjárhagslegt tjón. Telur nefndin sig því ekki geta tekið afstöðu til þeirrar kröfu samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum og er henni vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

V

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, skaðabætur vegna galla á bifreiðinni XX-000. Seljanda ber að greiða skaðabætur samkvæmt framlögðum reikningi vegna sannanlegra viðgerða á galla sem kom upp strax eftir sölu bifreiðarinnar með skriflegri staðfestingu á nauðsyn þeirra á þeim grundvelli að fyrri viðgerð hafi verið ófullnægjandi.

Kröfu álitsbeiðanda um bætur vegna ófjárhagslegs tjóns er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson